

## **Viðmiðanir við undirbúning og framkvæmd opinberra funda svo sem ráðstefna og málþinga á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála**

### **Samþykktar á stjórnarfundum SSS 15. ágúst 2012**

Skv. reglum nr. 546/2010 um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands skal stofnunin standa fyrir ráðstefnum og málþingum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og miðlun upplýsinga þar um. Með því er ætlunin að skapa lifandi vettvang umræðna um stjórn mála og stjórnsýslu og efla tengsl milli fræðasamfélags Háskóla Íslands og forystumanna í þjóðlífi (stjórn málamanna, stjórnsýslunnar, forystumanna atvinnulífs og hagsmunasamtaka). Með þessu er einnig ætlunin að stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála.

Samstarf Stofnunarinnar vegna opinberra funda er með þrennum hætti:

1. Samstarf sem skilgreint er í samstarfsamningi við aðila. Í samstarfsamningi er kveðið á um sameiginleg verkefni svo sem opinbera fundi. Í samningi er einnig kveðið á um meginviðmiðanir um kostnað vegna fundanna og vinnu við undirbúning. Val á fundarefni og fyrirlesurum er sameiginlegt viðfangsefni stofnunarinnar og viðkomandi samstarfsaðila.
2. Samstarf við aðila innan sem utan háskólans sem er bundið tilteknum viðburðum. Stofnunin starfar með aðilum að einstökum viðburðum, opinberum fundum, námskeiðum, rannsóknar- og þróunarverkefnum á sviði opinberra stjórnsýslu og stjórn mála. Við undirbúning á slíku samstarfi skal samráð haft um fundardagskrá og val á einstökum fyrirlesurum.

Vegna samstarfs undir lið 1 og 2 gætir stofnunin þess að viðfangsefni hinna opinberu funda falli að hlutverki hennar. Einnig að við mótun dagskrár og val á fyrirlesurum sé gætt að ólík sjónarmið séu dregin fram á því viðfangsefni sem er til umfjöllunar eftir því sem við á. Jafnframt séu skoðanaskipti frjáls og málefnaleg og skipulag og framsetning dagskrár til þess fallin að tryggja upplýsta og gagnrýna umræðu. Nafn stofnunar kemur fram á auglýsingum og öðrum fundargögnum.

3. Þjónusta við aðila innan háskólans við undirbúning og framkvæmd opinberra viðburða. Stofnunin tekur að sér að undirbúa fundi með kennurum stjórn málafræðideildar og öðrum þeim sem starfa að kennslu eða rannsóknum á verkefnasviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður stofnunar sinnir ofangreindum verkefnum. Hann upplýsir formann um verkefni sem eru í undirbúningi og fær samþykkt hans fyrir samstarfi eftir þörfum. Ef álitamál koma upp um þátttöku stofnunarinnar í opinberum fundum upplýsir formaður aðra stjórnarmenn um málið og fær afstöðu þeirra. Í lok árs og að vori tekur forstöðumaður saman yfirlit yfir þá opinberu viðburði sem stofnunin hefur komið að á misserinu og kynnir á stjórnarfundum.